



Félag eldri borgara á Akureyri og nágrenni

Fundargerð aðalfundar EBAK haldinn 8.júní 2021 í fundarsalnum Bugðusíðu 1. Fundurinn hófst kl. 16.00

1. Setning aðalfundar

Hallgrímur Gíslason formaður EBAK.

Komið þið öll heil og sæl, bæjarstjóri, ágætu félagar og aðrir góðir gestir.

Starfsárið sem nú er að ljúka er búið að vera öðruvísi en öll önnur ár í sögu félagsins og þarf ekki að segja ykkur ástæðu þess. Lokanir á allri starfsemi hafa komið illa við marga féлага, en vonandi eru bjartari tímar framundan.

Frá síðasta aðalfundi fyrir um ári síðan hafa nokkrar félagar okkar farið yfir móðuna miklu. Ég vil biðja viðstadda að rísa úr sætum og minnst þeirra féлага okkar um leið og við sendum ættingjum þeirra innilegar samúðarkveðjur.

Eitt af því sem þarf að gera við upphaf aðalfundar er að kanna lögmæti hans. Í samþykktum er kveðið á um að hann sé auglýstur með viku fyrirvara. Fundurinn var auglýstur í Dagskránni, á ebak.is og á fésbókarsíðu félagsins þann 1. mars síðastliðinn. Endanleg dagsetning fundarins var auglýst á sömu stöðum þann 27. maí. Fundurinn er því lögmætur.

Ég segi því aðalfund Félags eldri borgara á Akureyri árið 2021 settan.

Minni á að aðeins félagar hafa kosningarétt á fundinum.

Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri og Hallgrímur Gíslason formaður EBAK undirrituðu nýjan samning milli Akureyrarbæjar og félagsins.

Ásthildur ávarpaði fundinn og vék orðum að samningnum, hvatti félagsmenn til dáða og óskaði félagsmönnum til hamingju með samninginn.

Kosning fundarstjóra og tveggja fundarritara.

Tillaga stjórnar er að Benedikt Sigurðarson verði fundarstjóri og Garðar Lárusson og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir fundarritarar. Samþykkt með lófataki.

2. Skýrsla stjórnar starfsárið 2. júní 2020 til 8. júní 2021.

Formaður félagsins, Hallgrímur Gíslason, flytur skýrslu stjórnar.

Skýrsla stjórnar starfsárið 2. júní 2020 til 8. júní 2021.

Stjórn félagsins var þannig skipuð á starfsárinu: Formaður Hallgrímur Gíslason, varaformaður Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, gjaldkeri Torfhildur S. Þorgeirsdóttir, ritari Garðar Lárusson, meðstjórnendur Birgir Björn Svavarsson, Helgi Aðalsteinsson og Nanna B. Þórsdóttir, en hún flutti úr bænum síðasta sumar. Eva B. Magnúsdóttir var þá færð úr varastjórn upp í aðalstjórn. Varamenn voru því Friðrik Vagn Guðjónsson og Sigurður Harðarson. Framkvæmdaráð starfar innan stjórnar en í því sitja formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri. 12 bókaðir stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu. Auk þess kom framkvæmdaráðið saman til að undirbúa stjórnarfundir og vinna að öðrum verkefnum.

Skrifstofa félagsins átti að vera opin á miðvikudögum kl. 15-16, en utanaðkomandi aðstæður urðu til þess að það var sjaldan hægt. Gjaldkerinn okkar, hún Torfhildur, tók að sér að svara fyrirspurnum í síma og eru henni færðar alveg sérlega góðar þakkir fyrir það.

Nefndir félagsins

Stór hluti félagsstarfsins er á vegum hinna ýmsu nefnda en fastanefndir eru þær sömu og áður: Ferðanefnd, fræðslunefnd, golfnefnd, göngunefnd, kaffinefnd, skemmtinefnd, spilanefndir félagsvistar og keppnisbridds. Á vegum stjórnar starfa dansklúbbur yfir veturinn, gönguklúbbur yfir sumarið og svo netmiðlanefnd. Einnig starfar uppstillinganefnd á vegum félagsins og svo er Kór eldri borgara í fínu formi sérstök deild innan félagsins. Formenn eða talsmenn nefnda gera hér á eftir grein fyrir starfi nefnda sinna á starfsárinu sem er að líða, eftir því sem ástæður eru til. Starfsemi nefndanna var minni en í venjulegu ári og jafnvel engin. Fyrir hönd stjórnarinnar vil ég nota þetta tækifæri til þess að þakka öllum nefndum og hópum fyrir sérstaka þolinmæði og þeim sem tókst að starfa, þökkum við vel unnin störf á árinu.

Ályktun frá síðasta aðalfundi og afdrif hennar

Á síðasta aðalfundi var samþykkt að fela öldungaráði Akureyrarbæjar að hafa forgöngu um stofnun starfshóps til að undirbúa aðgerðaáætlun í málefnum eldri borgara til næstu ára, sem fæli m.a. í sér aukna almenna heilsuefingu eldri borgara í bæjarfélaginu. Ályktunin var ítrekuð með bréfi til bæjarráðs í janúar sl. Ráðið samþykkti á fundi sínum 4. febrúar að koma á starfshópi til að vinna málið. Frístundaráði, velferðaráði og öldungaráði var falið að skipa í hópinn, sem hefur haldið fjóra fundi. Í framhaldi af ákvörðun bæjarráðs kom frétt í Vikublaðinu og undirritaður skrifaði grein í sama tölublað um þjónustu við eldri borgara hér í bæ. Í það eina skipti kom blaðið aðeins út í rafrænu formi.

Landsfundir LEB

Landsfundur LEB var haldinn 30. júní 2020. EBAK átti sjö fulltrúa á landsfundinum, sem var haldinn á Hótel Sögu. Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður setti fundinn en síðan flutti Eliza Reed forsetafrú skemmtilegt ávarp. Því næst fóru fram venjuleg aðalfundarstörf, að þeim loknum unnu þátttakendur í þremur hópum til að fullgera breytingar á samþykktum LEB og ganga frá ályktunum um kjaramál og um heilsu- og velferðarmál. Landsfundur fyrir síðasta starfsár var svo haldinn á Selfossi 26. maí síðastliðinn. Þar áttum við líka sjö fulltrúa. Að lokinni setningu fundarins hélt Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og bæjarstjóri í Hveragerði stutt ávarp. Fundurinn var óvenju fjörugur og margar ályktanir voru teknar fyrir. Kosinn var nýr formaður LEB, Helgi Pétursson. Eftir fundinn var heimsókn í glæsilega aðstöðu félagsins á Selfossi.

Rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu

EBAK tók við rekstri félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu sumarið 2018. Akureyrarbær lagði til fjármuni sem samsvara launum fyrir eina stöðu starfsmanns en ákveðið var að skipta því í tvö hlutastörf. Okkar ágætu starfsstúlkur, þær Linda Hrönn Sigfúsdóttir og Sunna Dögg Tavsén, unnu starf sitt með miklum sóma með dyggri aðstoð sjálfbóðaliða úr hópi notenda. Þökkum þeim öllum innilega fyrir góð störf. Linda og Dögg sögðu báðar upp störfum á haustdögum og miðuðu við að hætta í árslok. Í framhaldi af uppsögnunum sagði stjórn félagsins sig frá starfsmannahaldinu frá og með áramótum, en vegna mannabreytinga hjá Akureyrarbæ féllust stúlkurnar báðar á að vinna út febrúar. Bærinn tók því við rekstrinum 1. mars síðastliðinn og er það mikill léttir fyrir stjórnina. Nýjar starfsstúlkur eru þær Svandís Ebba Stefánsdóttir, Didda, matráður og Bryndís Fanný Halldórsdóttir list- og handverksleiðbeinandi. Þjóðum við þær velkomnar til starfa, þökkum gott samstarf á liðnum mánuðum og hlökkum til framhaldandi

samstarfs.

Margþætt samstarf við Akureyrarbæ

Rekstur félagsmiðstöðvanna fellur undir samfélagssvið, en Kristinn J. Reimarsson er sviðsstjóri þess. Bergljót Jónasdóttir sem var forstöðumaður tómsundamála og tengiliður okkar við bæjaryfirvöld hætti störfum á síðasta ári. Halla Birgisdóttir tók við af henni til loka ársins, en í upphafi þessa árs tók Bjarki Ármann Oddsson við forstöðumannsstarfinu. Í Víðilundi verða þær breytingar að hluti af starfsemi Punktisins flyst þangað. Þrjár starfsstúlkur fylgja með og er miðað við að þær komi einnig að starfinu hér í Bugðusíðu, ásamt núverandi starfsfólki í Víðilundi, sem heldur hér áfram með námskeiðahald, húslestur og fleira. Við þökkum ánægjulegt samstarf fram til þessa og hlökkum mikið til áframhaldandi samvinnu. Félagsmiðstöðvarnar verða bráðlega opnaðar fyrir öðrum en eldri borgurum eingöngu og verður gaman að fylgjast með hvað þær breytingar hafa í för með sér. Nokkur samskipti voru við bæinn vegna húsnæðismála eins og mörg undanfarin ár. Þegar fyrst kom til tals að félagið fengi þetta húsnæði í Bugðusíðu 1 árið 2001 taldi stjórn félagsins það vera of lítið og var rætt um að byggja þyrfti við það. Það sama var uppi þegar félagið fékk húsnæðið árið 2005 og enn hefur ekkert gerst, þótt eldri borgurum hafi fjölgað verulega síðan þá. Fulltrúar úr bærarstjórn hafa komið til að skoða húsnæðið og rætt hefur verið um málið á ýmsan máta. Við bíðum enn eftir svári við bréfi sem ritað var til bærarstjórnar í mars síðastliðnum, en einnig er uppi hugmynd um aðra útfærslu en viðbyggingu til bráðabirgða.

Ýmsir fundir og námskeið

Fræðslunefnd og stjórn EBAK stóðu fyrir tveimur kynningarfundum í haust á starfsemi félagsins og starfsins í félagsmiðstöðvunum. Það er ánægjulegt að segja frá því að fyrri fundurinn var haldinn í Víðilundi 22 og mun þetta vera fyrsti viðburðurinn á vegum félagsins sem þar er haldinn. Þar mættu um 130 manns, en nokkuð færri á seinni fundinn sem haldinn var hér í Bugðusíðunni. Hjörleifur Hallgríms skrifaði grein um fundina í Vikublaðið og hluti af kynningunni birtist sem grein í Vikublaðinu. Takk Hjörleifur. Ekki tókst að halda árlegan haustfund stjórnar með nefndum og klúbbum félagsins fyrr en á þessu ári. 13. mars tók formaður þátt í formannafundi Landssambands eldri borgara sem haldinn var á netinu. Meginefni fundarins var könnun sem fyrirtækið Maskína gerði fyrir LEB um hvort eldri borgarar ættu að bjóða fram lista til Alþingis. Einnig var rætt um frístundastyrki sem sveitarfélögin fengu frá félagsmálaráðuneytinu á síðasta ári til eflingar á heilsurækt eldri borgara og eru slíkir styrkir veittir aftur á þessu ári. 27. maí kynnti formaður starfsemi EBAK á starfslokanámskeiði fyrir FVSA, sem Símei sá um.

Ýmis málefni.

LEB blaðið kom út á vordögum 2020 og tóku félagar í EBAK að sér að dreifa því á félagssvæðinu. Utanaðkomandi aðstæður og fleira varð til þess að dreifing gekk ekki nógu vel. Meðal annars fluttu fjölmargir félagar á árinu og mörgum þeirra láðist að láta vita um breytt heimilisföng og eins vantar mikið upp á að póstkassar séu merktir. Olli þetta þó nokkrum óþægindum. Vonandi gengur dreifing blaðsins betur þetta árið, en verið er að undirbúa hana. Deiliskipulag vegna Holtahverfis-norður austan Krossanesbrautar er tilbúið að hálfu bæjarins. Þar byggst Búfesti reisa tvö fjölbýlishús fyrir eldri borgara og er gert ráð fyrir þjónustuhúsi á milli þeirra. Við Sigurður Harðarson og Margrét Pétursdóttir fórum fyrir nokkru á stuttan kynningarfund um verkefnið og við Sigurður fórum á fund á morgun með Búfesti og Opus, sem mun hanna byggingarnar. Ljóst er að ekki verður byrjað á byggingaframkvæmdum þar fyrr en á næsta ári og varla verður flutt inn í íbúðirnar í fyrsta áfanga fyrr en snemma árs 2023.

Félag eldri borgara á Akureyri var stofnað 3. október 1982 og verður félagið því 40 ára á næsta ári. Nokkuð hefur verið rætt um hvernig er eðlilegast að halda upp á afmælið. Úlfhildur Rögnvaldsdóttir varaformaður hefur fallist á að leiða þá vinnu.

Samþykktir félagsins.

Nokkrar minni háttar breytingar og lagfæringar verða lagðar til á samþykktum félagsins á þessum aðalfundi.

Fjárhagur félagsins.

Staðgengill gjaldkera félagsins gerir grein fyrir fjárreiðum félagsins og leggur fram ársreikning félagsins. Reksturinn er í góðu jafnvægi. Í ársbyrjun 2020 var 1601 félagi í EBAK, en 1747 í árslok.

Þakkir.

Þakka meðstjórnendum gott samstarf á árinu en þar eru flestir mjög virkir í starfi. Framkvæmdastjórnin hefur verið sérlega virk og ber að þakka það alveg sérstaklega. Að lokum vil ég þakka ykkur kæru félagsmenn sem hafa treyst mér fyrir að leiða starfið á árinu. Jafnframt vil ég þakka öllum þeim sem ég hef átt samstarf við á árinu vegna starfa minna fyrir félagið. Og þá vil ég sérstaklega þakka þeim sem hætta í nefndum á vegum félagsins fyrir vel unnin störf.

3. Lagðir fram endurskoðaðir og áritaðir reikningar félagsins.

Leifur Brynjólfsson kynnti reikninga félagsins 2020 í forföllum gjaldkera félagsins, Torfhildar Þorgeirsdóttur. Reikningarnir voru áritaðir af stjórn og skoðunarmönnum reikninga.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins eru rekstrartekjur kr. 13.206.262.- og rekstrargjöld kr.11.436.357.-. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði eru kr. 1.769.905-. Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti eru kr. 875,567-, þannig að heildarhagnaður ársins er kr. 2.645.472.-.

Rekstrartekjur félagsins eru félagsgjöld kr. 4.923.006.-, þjónustugjöld kr. 167.700.-, styrkur frá Akureyrarbæ kr. 5.200.000.-, veitingasala kr. 2.741.363.-, leiga á sal kr. 174.193.-.

Fjárhagur nefnda

Leifur Brynjólfsson, fyrir hönd gjaldkera, gerði grein fyrir fjárhagsstöðu nefnda félagsins. Tekjum, gjöldum og fjárhagsstöðu um sl. áramót og við aðalfund.

Opnað fyrir fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.

Hjörleifur Hallgríms bað um að samningur milli Akureyrarbæ og EBAK yrði lesinn. Hallgrímur formaður sagði að samningurinn verði birtur á heimasíðu félagsins strax eftir fundinn.

Lárus Sigurðsson spurði um húsnæðismál. Hallgrímur útskýrði hugsanlegar breytingar á húsnæði í Bugðusíðu

Hjörleifur Hallgríms talaði um húsnæðismál og talaði fyrir stærra húsnæði og taldi að ekki væri verjandi að það þyrfti að vísa fólki frá vegna þrengsla. Lagði til að lána Akureyrarbæ pening til að stækka húsnæðið.

Reikningar félagsins bornir upp til samþykktar og samþykktir samhljóða.

4. Skýrslur fastanefnda EBAK, (tímabilið 2. júní 2020 til 8. júní 2021).

Skýrsla ferðanefndar

Flutt af Sigurði Hermannssyni formanni nefndarinnar

Á fyrsta fundi stjórnar, 3. júní 2020, skipti stjórnin með sér verkum:

Formaður Sigurður Hermannsson, Varaformaður Sævar Ingi Jónsson, Gjaldkeri Ásgerður Snorradóttir, Ritari Þorbjörg Jónasdóttir. Meðstjórnendur Helga Frímansdóttir, Ragnheiður Kjærnested og Sævar Hallgrímsson.

8 formlegir fundir voru á starfsárinu.

Helstu viðfangsefni starfsársins voru:

Dagsferð um Hörgárdal og nágrenni 7. Júlí. Þátttakendur 30. Fararstjórar Helga og Ragnheiður.

Dagsferð Bárðardalur –Laugafell -Skagafjörður. Þátttakendur 42. Fararstj. Sigurður og Sævar.

Vestfirðir 9. – 13 ágúst. Þátttakendur 50. Hætt við v/ covid. Fararstj. Þorbjörg og Sævar Ingi.

Austfirðir 23 -26 ágúst. Þátttakendur 58. Hætt við v/ covid. Fararstj. Ásgerður og Sigurður.

Ferð með Heimsferðum til Madeira 15 -23 apríl. Þáttt. um 30. Hætt við v/covid.

Færeyjar með Nonna Travel 31 ág. – 4 sept. Þáttt. 50. Hætt við v/covid. Undirbúningur Ragnheiður.

Toskana á Ítalíu með Tanna Travel 1 -15 júní. Þáttt. 51. Hætt við v/covid. Undirbúningur.

Ásgerður og Sigurður.

Aðrar ferðir sem búið var að undirbúa að fullu, en ekki að auglýsa, en var hætt við v/covid voru

ferð til Benidorm með Heimsferðum 30 sept. – 21 okt. og ferð til Tenerife með Ferðaskrifstofu

Akureyrar 28 okt – 18 nóv.. Þá varð einnig að fella niður ferðir í jólahlaðborð og leikhús v/covid.

Þrír hafa óskað að hætta í nefndinni. Ragnheiður, Sævar Ingi og Þorbjörg. Ég þakka þeim

kærlega fyrir samstarfið. Einnig stjórn EBAK og félagsmönnum.

Skýrsla fræðslunefndar

Flutt af Guðrúnu Sigurðardóttir formanni nefndarinnar

Í nefndinni voru Guðrún Sigurðardóttir formaður, Hreinn Pálsson ritari, Ragnheiður Gestsdóttir gjaldkeri, Valdís Gunnlaugsdóttir og Sverrir Páll Erlendsson.

Þær Guðrún og Ragnheiður hafa lokið fjögurra ára setu í nefndinni að loknu þessu starfsári. Þar sem starfsemi ársins hefur verið lítil og stopul, þá sóttu þær um og fengu leyfi til að sitja eitt ár enn.

9 fundir voru á starfsárinu

Viðfangsefni starfsársins:

Fræðsluferð um Árskógsströnd, kynning á starfsemi EBAK í samstarfi við stjórn félagsins (2 fundir), 5 fræðsluerindi og skáldakynningar.

Að lokinni dagskrá í Víðilundi 10. mars sl. höfðu 389 nöfn verið skráð í gestabók nefndarinnar þetta starfsárið. Að loknum fræðslum 22. og 24. mars höfðu 54 skráð nöfn sín til viðbótar í gestabók.

Í samvinnu við Amtsbókasafnið hafa 3 leshópar starfað undanfarin ár . Alls 27-29 manns.

Engin námskeið hafa verið haldin á starfsárinu en hafinn undirbúningur að tveimur slíkum með vorinu og vinnu við ráðstefnu í samvinnu við Háskólann á Akureyri sem féll niður á síðasta ári er haldið áfram og stefnt á vor 2022.

Skýrsla göngunefndar

Flutt af Garðari Lárussyni

Nefndin sá um gönguferðir í Kjarnaskóg sl. sumar, það er alla þriðjudaga í júní, júlí og ágúst. Ekki var farið í árlega óvissuferð um haustið vegna sóttvarnarráðstafana.

Skýrsla golfnefndar

Flutt af Sólveigu Gunnarsdóttur formanni nefndarinnar.

Engir formlegir fundir voru haldnir.

Viðfangsefni: Það er fljótlegt að gera grein fyrir þúttinu sem er í boði fyrir aldraða. Undanfarin ár höfum við fengið 2 tíma á viku í Íþróttahöllinni þ.e. fyrir tvo hópa. Síðasti tíminn fyrir Covid 19 var 4. mars 2020 og ekki mátti byrja aftur fyrr en 20. janúar 2021. Fólk var mjög ánægt með að geta komið saman aftur. Það eru 27skráðir í þessa 2 hópa. Við máttum koma á golfvöllinn og púttu í sumar en einhverra hluta vegna var engin þátttaka. Margir sem hafa verið í hópnum eru í Golfklúbbnum og fara þegar þeim hentar. Golfnefndin er þannig skipuð að Sólveig Gunnarsdóttir er formaður og Eyþór Gunnþórsson og Magnús Friðriksson sem kemur inn fyrir Inga Þór Jóhannsson sem fer í aðra nefnd. Þökkum við honum fyrir samstarfið.

Skýrsla skemmtinefndar

Flutt af Freysteini Bjarnasyni formanni nefndarinnar.

8 fundir voru haldnir á starfsárinu

Loksins virðist eitthvað vera að skýrast ástandið vegna veirunnar sem staðið hefur í vegi fyrir megninu af félagsstarfsemi EBAK: Starfsemi skemmtinefndar hefur nánast alfarið verið vetrarstarf og þar af leiðandi verið í lágmarki. Í haust, þegar við hittumst síðast, gerði maður sér vonir um að hægt væri að halda veglega skemmtun á vormánuðum núna. Sá möguleiki er frá okkur farinn að okkar mati. Stór hluti eldri borgara er aðeins kominn með fyrri sprautuna og aðvörunum frá þríeikinu er komið á framfæri í hvert skipti sem frá þeim heyrir. Farið varlega, ennþá er veiran á meðal okkar. Þessvegna stefnum við á að hefja vetrarstarfið í byrjun september, enda verði þá búið að gefa græn ljós á alla starfsemi. Ég sé ekki ástæðu til að lesa aftur og enn fyrri skýrslu um það sem liðið er en horfi fram í tímann.

Skýrsla spilanefndar (félagsvist)

Það var engin starfsemi hjá vegna sóttvarna. Og engin skýrsla barst frá nefndinni.

Skýrsla spilanefndar (keppnisbridds)

Garðar Lárusson flutti skýrsluna.

Það var engin starfsemi hjá briddsdeildinni í Bugðusíðu frá aðalfundi í júní 2020 til 4 mars 2021 en þá hófum við að spila keppnisbridds og náðum við að spila tvímennung í þrjú skipti í mars og tvö skipti í maí samtals fimm sinnum á tímabilinu sept. 2020 til maí 2021, verðlaun sem eftir var að afhenda fyrir veturinn 2019 til 2020 voru afhent núna í endaðan maí.

Fyrirspurnir og umræður um skýrslur flytjenda.

Lárus Sigurðsson kom með ábendingu um að leggja skýrslur nefna á heimasíðu félagsins og sleppa þessum lið á fundinum.

Kaffihlé í 20 mínútur.

5. Skýrslur nefnda og annarra hópa EBAK.

Skýrsla dansklúbbs

Flutt af Hallgrími Gíslasyni ritara nefndarinnar.

Umsjónarmenn dansklúbbsins eru Dóra S. Jónasdóttir gjaldkeri, Hallgrímur Gíslason ritari og Halldór Gunnarsson formaður.

Starfsemi dansklúbbsins hefur legið niðri frá 4. mars 2020 vegna covid-19 veirunnar. Á haustönn 2021 er gert ráð fyrir að dansinn geti hafist að nýju. Dansklúbbur EBAK var stofnaður 20. febrúar 2019 í framhaldi af tveimur dansnámskeiðum á vegum félagsins 2018. Stofnfélagar eru 35.

Dansklúbburinn starfar eftir starfslýsingu sem samþykkt var af stjórn EBAK 5. febrúar 2020. Í starfslýsinguinni kemur m.a. fram *að hlutverk dansklúbbsins er að gefa félögum hans tækifæri til að koma saman og dansa, læra nýja dansa og njóta samverunnar. Tilgangurinn er jafnframt þáttur í heilsueflingu eldri borgara.*

Dansað hefur verið í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu tvisvar í mánuði síðdegis á miðvikudögum í 90 mín. á haust- og vorönn. Samið var við Önnu Breiðfjörð danskennara um að koma af og til í danstímama klukkustund í senn til að rifja upp og kenna ný dansspor.

Í hléum í danstímum eru málefni og starfsemi klúbbsins oft til umræðu.

Skýrsla gönguklúbbs

Flutt af Magnúsi Friðrikssyni formanni nefndarinnar.

Sumarið 2020 voru farnar 17 göngur á vegum klúbbsins, farastjórar voru úr hópi félaga í EBAK. Fjöldi þátttakenda frá 11 – 40 meðaltal ca. 24. Vegna óhagstæðs veðurs varð að fella niður ferð að Hraunsvatni og á Þengilhöfða, í stað þess voru gengnar göngur í bæjarlandinu.

Skýrsla netmiðlanefndar

Flutt af Garðari Lárussyni. Hlutverk nefndarinnar er að halda úti fésbókar- og heimasíðu félagsins og færa þar inn upplýsingar um starfið, fréttir og fundagerðir. Stjórn félagsins tilnefnir umsjónarmenn heimasíðu félagsins til eins árs í senn að loknum aðalfundi. Nefndarmennirnir sl. ár voru Sigurður Harðarson og Garðar Lárusson, sáu þeir um um að setja allt efni inn á heimasíðuna ebak.is og að hluta til inn í fésbókarhópinn EBAK Félag eldri borgara á Akureyri. Nefndaformenn og fleiri setja á facebooksíðuna inn efni frá sínum nefndum eða hópum. Þökkum við kærlega fyrir það. Við þurfum að hjálpast að til að gera miðlana enn fjölbreyttari og áhugaverðari. Þess vegna hvetjum félag okkar alveg eindregið til að setja inn fréttir, myndir og frásagnir frá atburðum á vegum félagsins inn í fésbókarhópinn eða senda okkur efnið til að setja inn þar eða á heimasíðuna. Um 750 félagar eru á facebooksíðunni en voru 500 á sama tíma í fyrra og um 200 eru á póstlista heimasíðunnar. Þeir sem eru skráðir á póstlista heimasíðunnar fá tölvupóst þegar sett er inn nýtt efni. Félagar fara ekki sjálfkrafa inn á póstlistann heldur þurfa að skrá sig þar inn á forsíðu heimasíðunnar ebak.is. Fésbókarsíðan er lokuð síða þar sem þarf að sækja um aðgang sem allir 60 ára fá aðgang en það hefur borið nokkuð á því að yngra fólk sækir um að fá aðgang sem ekki er veittur.

Notkun á heimasíðunni eykst ár frá ári. Við hvetjum þá félag sem ekki fá fréttir af síðunni í tölvupósti til að fara inn á ebak.is og skrá sig á póstlistann. Á heimasíðunni eru tenglar á ýmsar gagnlegar netsíður, sem er ástæða til að skoða og kynna sér. Á fésbókarsíðunni er meira efni frá starfinu en á heimasíðunni en síðan er aðeins fyrir efni beinlínis tengt starfsemi EBAK og við höfum því þurft að hafna sumum og jafnvel góðum innleggjum. Við hvetjum þau ykkar sem

ekki eru komin í hópinn að finna hann á Facebook og óska eftir að gerast meðlimir. Allar ábendingar um efni og það sem hugsanlega má betur fara eru vel þegnar. Við Sigurður þökkum notendum miðlanna ánægjulegt samstarf á árinu og hvetjum alla til að nýta það efni sem sett er inn. Slíkt er til hagsbóta fyrir félagið sjálft og okkur öll.

Skýrsla kórs eldri borgara

Flutt af Jónasínu Arnbjörnsdóttir formanni kórsins

Eg kem hér fyrir hönd kórs EBAK í FÍNU FORMI og hef verið formaður hans frá hausti 2017. Kórinn er nú á sínu 35 starfsári og telur kringum 50 manns ekki alveg gott að vita því að æfingar hafa verið svo stopular. en inn í kórinn hafa komið nýir félagar.

Í október 2020 hafði eg skrifað skýrslu sem átti þá að flytja á aðalfundi EBAK.

Þann 28. jan síðast liðinn byrjuðu raddæfingar og fékk kórinn inni í safnaðarsal Glerárkirkju... tókum fyrir nokkur ný lög og sungum saman eldri lög...en aðalánægjan fólst í því og að hittast. Nú um stundir er mikið rætt um einmanaleika og þunglyndi hjá sumum eldri borgurum. Það hefur verið gerð könnun á því í Svíþjóð hvað skipti mestu máli fyrir þennan hóp. Þá kom kórastarfið best út skoraði langhæst félagslega. Eini söngur kórsins á þessu vori ..var í Glerárkirkju í messu á Uppstigningardag ..á degi aldraðra.

Tveir stjórnarfundir hafa verið á þessu vori en auk þess hafa stjórnarkonur fundað mest á netinu, höfum haft þar grúbba sem er mjög þægilegt. Því miður er ekki frá meiru að segja.

Stjórn kórsins "Í FÍNU FORMI" skipa nú: Formaður: Jónasína Arnbjörnsdótti, Varaform: Sigríður Guðmundsdóttir, meðstjórn: Júlíana Tryggvadóttir, gjaldkeri. Sigrún Sæmundsdóttir, Ritari: Ragnheiður Gestsdóttir, Kórstjóri: Petra Björk Pálsdóttir, Meðleikari: Valmar Valjæots Nótnavarsla: Kristbjörg Gunnarsdóttir og Ragnheiður Brynjólfssd. Endursk: Sigurgeir Ísaksson og Sigurður Jóhannesson, Ferðanefnd: Jóna Berg, Inga B. Ingólfssd. og Vilhelm Arthursson. Auk þess frábært fólk í Bingónefnd ..kaffiumsþón ..og ekki má gleyma strákunum okkar sem alltaf eru til staðar.

Ágætu fundargestir! að endingu vil eg segja: vonandi er nú Covidið að baki fyrir það mesta alla vega hér innanlands og að haustið bjóði okkur öll velkomin til starfa og leiks saman.

Skýrsla öldungaráðs

Flutt af Sigríði Stefánsdóttur

Nöfn Fulltrúar Félags eldri borgara, kjörnir á aðalfundi 2018: Sigríður Stefánsdóttir, Valgerður Jónsdóttir, Halldór Gunnarsson. Auk þeirra sitja í ráðinu þrír fulltrúar kosnir af bæjarstjórn og einn tilnefndur af Heilbrigðisstofnun Norðurlands.

Hve margir fundir á starfsárinu: 9 bókaðir fundir, þar af 1 sameiginlegur með bæjarstjórn, AF fundunum 9 voru 6 haldnir sem fjarfundir (zoom fundir). Einnig funduðu fulltrúar EBAK einu sinni formlega með stjórn félagsins og héldu fjölmarga samráðs-, vinnu- og undirbúningsfundi.

Viðfangsefni starfsársins:

Á 8 fundum öldungaráðs voru bókuð samtals 42 mál, um mörg var fjallað á fleiri en einum fundi. Í fyrri ársskýrslum hefur gjarnan verið sagt, að árangurinn af starfinu hafi ekki verið mikill og svo er enn, en nú hafa nokkur mál hreyfst, auk þess sem fleiri mál koma til umsagnar ráðsins, eins og vera ber. Af málum sem við höfum lagt mikla áherslu á og verið er að vinna að nú nefnum við:

Hafin er vinna við aðgerðaráætlun í málefnum aldraðra, með sérstakri áherslu á víðtæka og fjölbreytta heilsueflingu. Samþykkt var að hefja vinnu við áætlunina og 5 manna stýrihópur

skipaður. Sigríður Stefánsdóttir er fulltrúi öldungaráðs í hópnum. Áætlunin mun taka til allrar þjónustu Akureyrarbæjar í málaflökknum, samstarfs og yfirsýnar. Áætlunin er og verður unnin í samráði við öldungaráð og Félag eldri borgara.

Góð upplýsingagjöf til eldri borgara um þjónustu. Nú er verið að vinna, í samráði við okkur, að breytingum á heimasíðu bæjarins, þannig að einfaldara verði að finna upplýsingar. Auk þess hefur verið unnið að gerð upplýsingabæklinga.

Verið að vinna í samráði við Félagsmálaráðuneyti að því, sem nefnist **þróunarverkefni um mælaborð**. Þar er verið að safna saman ýmsum upplýsingum sem varða hag eldri borgara, þjónustu við þá, líðan og skoðanir. Þetta kemur til móts við tillögur margra ára um kannanir á þessu sviði.

Auk þessara mála hefur verið fjallað um ýmis brýn mál, þar sem við fulltrúar EBAK höldum alltaf fram og höfum hag eldri borgara sem leiðarljós. Af þessum málum má nefna:

Ástandið á tímum Covid – þjónusta, ráðstafanir og verkefni t.d. félagsstarf.

Breyting á starfi öldrunarheimila – en reksturinn hefur nú verið færður frá Akureyrarbæ.

Fyrirhuguð breyting á **leiðarkerfi strætó**.

Ýmis **skipulagsmál**.

Upplýsingagjöf vegna **bólusetninga**.

Reglur um **heimaþjónustu**.

Síðast en ekki síst höfum við fjallað um **verðlag á þjónustu** og á síðasta fundi var samþykkt tillaga um máltíðir fyrir eldri borgara, þar sem við viljum að leitað verði leiða til að bjóða upp á góðan og hollan mat á lægra verði en nú.

Allar fundargerðir öldungaráðs er að finna á heimasíðum EBAK og Akureyrarbæjar – einnig frá sameiginlegum fundi með bæjarstjórn.

Fyrirspurnir og umræður um skýrslur flytjenda.

Hjörleifur Hallgríms. Spurði um hvort varamenn mæti aldrei á fundi hjá öldungaráði, hann hefði ekkert að gera í þessu ráði og vildi hætta sem slíkur.

Sigríður Stefánsdóttir svaraði að öldungaráð væri nefnd á vegum bæjarins og þar væru varamenn ekki boðaðir á fundi nema í foröllum aðalmanna.

6. Árgjald félagsins fyrir 2021.

Leifur Brynjólfsson gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að árgjald í EBAK verði óbreytt 3000 kr. ef greitt er í heimabanka en 3500 kr ef greitt er með gíróseðli. 90 ára og eldri verði gjaldfríir. Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. Fjárhagsáætlun lögð fram.

Leifur Brynjólfsson fh gjaldkera EBAK lagði fram fjárhagsáætlun 2021.

Rekstrartekjur:

Félagsgjöld 5.400.000, Þjónustugjöld 250.000, Styrkur frá Akureyrarbæ 867.000, Veitingasala 457.000, Leiga á sal 400.000, Samtals 7.374.000

Rekstrargjöld:

Vörunotkun 466.000, Laun og launatengd gjöld 2.300.000, LEB 1.375.000, Kostnaður vegna nefnda 1.000.000, Annar rekstrarkostnaður 400.000, Stjórnunarkostnaður 1.500.000, Samtals 7.041.000

Rekstrarhagnaður án fjármagnstekna: 333.000, Fjármunatekjur (vextir) 800.000

Hagnaður ársins 1.133.000

8. Breytingar á samþykktum.

Hallgrímur Gíslason formaður kynnti breytingatillögur stjórnar.

4. gr.

Ársreikningar

Fyrir breytingu:

a) Reikningsár félagsins er almanaksárið. Nýr félagi sem gengur í félagið eftir 1. september greiðir það ár aðeins hálf gjald.

Eftir breytingu:

a) Reikningsár félagsins er almanaksárið. Nýr félagi sem gengur í félagið eftir 1. október greiðir það ár aðeins hálf gjald.

6. gr.

Aðalfundur

Fyrir breytingu:

e) Dagskrá aðalfundar:

a) Kosning fundarstjóra og fundarritara.

b) Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.

c) Lagðir fram endurskoðaðir og áritaðir reikningar félagsins.

d) Fastanefndir félagsins leggi fram skýrslur og geri grein fyrir störfum nefndanna og fjárhagslegri afkomu þeirra.

e) Umræður um skýrslu stjórnar, ársreikninga, skýrslur nefnda og afgreiðsla ársreikninga.

f) Tekin ákvörðun um árgjald félagsmanna.

g) Fjárhagsáætlun lögð fram.

h) Breytingar á samþykktum.

i) Kosningar skv. 5., 9., 10., 11. og 12. gr. eftir því sem við á.

j) Afgreiðsla tillagna, ályktana og erinda sem lögð eru fyrir fundinn. Slíkar tillögur og erindi ber að senda stjórn félagsins skriflega minnst tveimur vikum fyrir aðalfund.

k) Önnur mál.

Eftir breytingu:

e) Dagskrá aðalfundar:

a) Kosning fundarstjóra og fundarritara.

b) Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.

c) Lagðir fram endurskoðaðir og áritaðir reikningar félagsins.

d) Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga. Afgreiðsla ársreikninga.

e) Nefndir félagsins leggja fram skýrslur og gera grein fyrir störfum nefndanna og fjárhagslegri afkomu þeirra. Umræður.

f) Tekin ákvörðun um árgjald félagsmanna.

g) Fjárhagsáætlun lögð fram.

h) Breytingar á samþykktum.

i) Kosningar skv. 5., 9., 10., 11. og 12. gr. eftir því sem við á.

j) Afgreiðsla tillagna, ályktana og erinda sem lögð eru fyrir fundinn.

Slíkar tillögur og erindi ber að senda stjórn félagsins skriflega minnst tveimur vikum fyrir aðalfund.

k) Önnur mál.

7. gr.

Verkefni stjórnar

Fyrir breytingu:

Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skiptir stjórnin með sér verkum og kýs sér varaformann, ritara og gjaldkera. Þessir þrjú aðilar ásamt formanni skipa framkvæmdaráð innan stjórnar. Þá skipar stjórn tvo fulltrúa og einn varafulltrúa í notendaráð félagsmiðstöðva eldri borgara í Bugðusíðu og Víðilundi.

Eftir breytingu:

a) Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skiptir stjórnin með sér verkum og kýs sér varaformann, ritara og gjaldkera. Þessir þrjú aðilar ásamt formanni skipa framkvæmdaráð innan stjórnar. Ráðið skal skráð sem raunverulegir eigendur EBAK.

9. gr.

Fastanefndir og aðrar nefndir

Fyrir breytingu:

Fastanefndir sem kjörnar eru á aðalfundi eru þessar:

- a) Ferðanefnd
- b) Fræðslunefnd
- c) Skemmtinefnd
- d) Spilaneftndir: Keppnisbridds og félagsvist
- e) Heilsuefning: Göngunefnd og golfnefnd
- f) Uppstillinganefnd

a) Allir nefndamenn eru kosnir árlega nema í uppstillinganefnd sbr. 10. gr. Stjórn félagsins ákveður fjölda fulltrúa í nefndum í samráði við þær. Sama aðila má aðeins kjósa samfelt í fjögur ár í sömu fastanefnd. Sami einstaklingur getur aðeins verið fulltrúi í einni fastanefnd á sama tíma. Gæta skal þess að ekki sé skipt um alla nefndamenn í einhverri nefnd á sama aðalfundi. Stjórn félagsins getur veitt undanþágu frá fjögurra ára reglunni hvað varðar setu aðila í stjórn og nefndum ef brýna nauðsyn ber til.

b) Allar nefndir sem kosnar eru á aðalfundi félagsins skulu starfa sem mest sjálfstætt en þær bera ábyrgð á fjármálum sínum gagnvart stjórn félagsins hverju sinni. Þær kjósa sér formann og geta hvatt sér til aðstoðar fleiri félagar ef þeim þykir henta, þótt aðalfundur hafi kosið vissan fjölda til starfars. Núverandi fastanefndir skulu í samráði við stjórn félagsins setja sér starfslýsingu. Aðrar nefndir eða starfsnefndir, sem stofnaðar verða vegna nýrra eða afmarkaðra verkefna skipar stjórn og setur þeim starfslýsingar.

Komi upp ágreiningur innan nefndar þannig að hún verði óstarfhæf skal þeim ágreiningvísað til stjórnar sem þá tekur endanlega ákvörðun máls þess er um er að ræða.

c) Formönnum nefnda ber að sjá til þess að stjórn félagsins berist reglulega fundagerðir og skýrslur um starfsemina. Formenn nefnda eiga rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti þegar mál sem snerta nefnd þeirra er á dagskrá

Eftir breytingu:

Fastanefndir sem kjörnar eru á aðalfundi eru þessar:

- a) Ferðanefnd
- b) Fræðslunefnd
- c) Skemmtinefnd

- d) Spilanefndir: Keppnisbridds og félagsvist
- e) Heilsuefning: Göngunefnd, og golfnefnd, dansklúbbur og gönguklúbbur
- f) Uppstillinganefnd

a) Allir nefndamenn eru kosnir árlega nema í uppstillinganefnd sbr. 10. gr. Stjórn félagsins ákveður fjölda fulltrúa í nefndum í samráði við þær. Sama aðila má aðeins kjósa samfellt í fjögur ár í sömu fastanefnd. Sami einstaklingur getur aðeins verið fulltrúi í einni fastanefnd á sama tíma. Gæta skal þess að ekki sé skipt um alla nefndamenn í einhverri nefnd á sama aðalfundi. Stjórn félagsins getur veitt undanþágu frá fjögurra ára reglunni hvað varðar setu aðila í stjórn og nefndum ef brýna nauðsyn ber til.

b) Allar nefndir sem kosnar eru á aðalfundi félagsins skulu starfa sem mest sjálfstætt en þær bera ábyrgð á fjármálum sínum gagnvart stjórn félagsins hverju sinni.

Þær kjósa sér formann og geta hvatt sér til aðstoðar fleiri félagar ef þeim þykir henta, þótt aðalfundur hafi kosið vissan fjölda til starfans. Núverandi fastanefndir skulu í samráði við stjórn félagsins setja sér starfslýsingu. Aðrar nefndir eða starfsnefndir, sem stofnaðar verða vegna nýrra eða afmarkaðra verkefna skipar stjórn og setur þeim starfslýsingar.

Allar nefndir og hópar skulu vinna eftir starfslýsingum sem unnar eru í samráði við stjórn.

Komi upp ágreiningur innan nefndar þannig að hún verði óstarfhæf skal þeim ágreiningi vísað til stjórnar sem þá tekur endanlega ákvörðun máls þess er um er að ræða.

d) Kór eldri borgara, Í fínu formi, starfar sem deild innan EBAK.

Lárus Sigurðsson kvaddi sér hljóðs og spurði út skipan fulltrúa notendaráðs sem væru tekin út úr lögum. Gerði athugasemd um tímalengd kjörinna fulltrúa.

Bjarki skýrði hlutverk notendaráðs og sagði að það væri ekki ætlunin að leggja niður notendaráðið heldur að efla það. Ráðið færi á fulla ferð með haustinu.

Hallgrímur skýrði afstöðu félagsins til notendaráðs. Stjórn EBAK sér ekki tilgang með að eiga fulltrúa í ráðinu..

Sveinn sagði að hann hafi setið í notendaráði og hann hafði aldrei skilið hvernig skipað væri í ráðið. Hann spurði um gildistíma félagsskírteinis.

Hallgrímur svaraði að það væri enginn lokadagsetning á skírteininu

Sigurður Hermannsson spurði út í skráða eigendur félagsins.

Fundarstjóri svaraði.

Fundarstjóri afgreiddi hverja grein fyrir sig og voru þær allar samþykktar samhljóða.

Samþykktirnar í heild sinni með áorðnum breytingum voru samþykktar og öðlast þær þegar gildi.

9. Kosningar í stjórn og nefndir félagsins.

Þorgerður Þorgilsdóttir gerði grein fyrir störfum uppstillinganefndar. Listinn er sjálgjörinn.

Tillögur uppstillinganefndar

Stjórn félagsins 2021-2022

Formaður

Hallgrímur Gíslason

Aðalstjórn

Garðar Lárusson

Birgir B. Svavarsson

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

Torfhildur S. Þorgeirsdóttir

Helgi Aðalsteinsson

Eva B Magnúsdóttir

Varastjórn:

Sigurður Harðarson
Friðrik Vagn Guðjónsson
Helga Eymundsdóttir

Nefndir 2020 – 2021 (kosnar til eins árs)**Ferðanefnd:**

Sigurður Hermannsson
Ásgerður Snorradóttir
Helga Frímansdóttir
Sævar Hallgrímsson
Ásdís Árnadóttir
Birgir Sveinbjörnsson
Guðrún Bjarnadóttir

Fræðslunefnd:

Guðrún Sigurðardóttir
Ragnheiður Gestsdóttir
Hreinn Pálsson
Sverrir Páll Erlendsson
Valdís Gunnlaugsdóttir

Golfnefnd:

Sólveig Gunnarsdóttir
Eyþór Gunnþórsson
Magnús Friðriksson

Göngunefnd:

Finnur Ö. Marinósson
Guðrún J Gunnarsdóttir
Hólmfríður R Jóhannsdóttir
Ingi Þór Jóhannsson
Hólmfríður Ingvarsdóttir

Skemmtinefnd:

Freysteinn Bjarnason
Ólafur Theódórsson
Sigurgeir Ísaksson
Jóna Berg Garðarsdóttir
Ingibjörg Árnadóttir
Hrefna Hreiðarsdóttir
Hörður Gunnarsson
Júlíana G. Kristjánsdóttir

Spilanefndir:**a) Félagsvist:**

Ketill Hólm Freysson
Guðbjörg Bergsveinsdóttir
Jósefína Stefánsdóttir
Kristinn G Sigurðsson
Sigríður Steinþórsdóttir
Páll Pálsson
Magnús Kristinsson
Helga Pálína Harðardóttir

b) Bridds:

Brynja Friðfinnsdóttir
Stefán Vilhjálmsson

Tillaga stjórnar og uppstillinganefndar um skoðunarmenn reikninga

Baldur Guðvinsson
Kristín Þorgilsdóttir

Tillaga stjórnar um uppstillinganefnd fyrir aðalfund 2022

Gestur Jónsson
Snjólaug Sigurðardóttir
Þorgerður Þorgilsdóttir
Friðbjörg Finnsdóttir
Karl Erlendsson

10. Ályktanir fundarins.

Tvær ályktanir frá stjórn bárust fundinum og beinast báðar að Akureyrarbæ

a) Ályktun um aðgerðaáætlunar fyrir eldri borgara

Hallgrímur Gíslason formaður kynnti.

Aðalfundur Félags eldri borgara á Akureyri, haldinn 8. júní 2021, fagnar því að vinna við gerð aðgerðaáætlunar fyrir eldri borgara sé hafin og að heilsuefning verði tekin fyrir í fyrsta áfanga. Nauðsynlegt er að ráða starfsmann sem fyrst til að hafa umsjón með heilsuefningar-verkefni og vera í samstarfi við íþróttafélögin og aðra samstarfsaðila við að koma því af stað. Samhliða því

þarf að koma á frístundastyrk til að ná til þeirra sem helst þarf að hvetja til virkrar þátttöku.

Slíkur styrkur er ódýr forvörn sem skilar sér margfalt til baka.

Aðgerðaáætlun á að vera hvatning til heilsueflingar í víðtækum skilningi og ná því til hreyfingar, andlegs og líkamlegs heilsufars, en einnig til mataræðis með áherslu á næringargildi og verðlagningar á mat, sem er heimsendur eða til sölu í félagsmiðstöðvunum.

Hún þarf að vera hvatning til þátttöku í margþættu tómstundastarfi til að efla orkuna sem býr í hverjum og einum, virkja sköpunarmátt og auka vellíðan eintaklinganna.

Aðgerðaráætlunin þarf að ná til heimþjónustu og annarrar þjónustu á vegum bæjarins og stuðla að góðu samstarfi við aðra sem veita slíka þjónustu.

Í henni þarf að vera ákvæði til að tryggja að greinargóðar upplýsingar verði veittar um hvert og hvernig á að leita að og sækja um þjónustu.

Í áætluninni þurfa að vera ákvæði um búsetu og fjölbreytta búsetumöguleika.

Hún þarf að vera gerð með fjölgun eldri borgara á komandi árum í huga.

Stjórn EBAK mun fylgjast með gerð áætlunarinnar og væntir þess að hratt og fagmannlega verði staðið að verki.

Aðalfundurinn skorar á bæjarstjórn að vinna að heildarstefnu í málefnum eldri borgara og að sýna frumkvæði og metnað í þjónustu við þá.

Samþykkt samhjóða

b. Ályktun aðalfundar EBAK 2021 - Húsnæðismál.

Hallgrímur Gíslason formaður kynnti

Aðalfundur Félags eldri borgara á Akureyri haldinn 8. júní 2021 skorar á Akureyrarbæ að hefja sem fyrst vinnu við að leysa skort á húsnæði fyrir félags- og tómstundastarf eldri borgara bæjarins. Núverandi húsnæði félagsmiðstöðvanna nægir engan veginn til að sinna því sem skyldi.

Með áskorun þessarri vill fundurinn hvetja bæjaryfirvöld til dáða svo aðstaðan hér verði á hverjum tíma sambærileg við það sem gerist hjá öðrum sveitarfélögum af svipaðri stærð.

Greinargerð:

Þegar Félag eldri borgara flutti starfsemi sína í Bugðusíðu 1 árið 2005 þótti húsnæðið of lítið og hafa engar breytingar verið gerðar á því síðan. Salurinn þar nægir engan veginn fyrir ýmsa viðburði sem fara fram á vegum félagsins og hindra þrengslin mjög það öfluga starf sem EBAK vill sinna í samvinnu við Akureyrarbæ. Þá skortir tilfinnanlega misstór rými til að geta verið með margháttða starfsemi á vegum félagsins og bæjarins á sama tíma. Má þar nefna námskeiðahald, kynningar, hreyfingu og annars konar tómstundaiðju og félagsstarf.

Árið 2005 voru íbúar á Akureyri 60 ára og eldri 2.669 eða 16,11% bæjarbúa. 1. janúar 2021 taldi þessi hópur 4.172 einstaklinga eða 21,71% bæjarbúa. Samkvæmt mannfjöldaspám stækkar þessi hópur hlutfallslega mjög mikið á næstu árum. Nauðsynlegt er því að hugsa til lengri tíma þegar farið verður í framkvæmdir.

Lárus Sigurðsson Vék að hugmyndum að stækka salinn. Vildi ekki að væri klastrað í núverandi aðstöðu, heldur hugsað stærra.

Hallgrímur rakti stöðuna og benti á að tillagan byggðist ekki á ákveðnum stað.

Tillagan samþykkt samhjóða.

11. Önnur mál:

a) Fulltrúar í stjórn og nefndum félagsins sem hætta störfum kvaddir og þeim færð blóm.

Hallgrímur, Eva og Úlfhildur færðu þeim félagsmönnum sem hætta störfum blóm

Úr ferðanefnd:

Ragnheiður Kjærnested , Sævar Ingi Jónsson, Þorbjörg Jónasdóttir

Úr göngunefnd:

Árni Sverrisson

Úr kaffinefnd:

Nína Ingvarsdóttir, Alda Traustadóttir, Soffía Valdemarsdóttir, Svana Aðalbjörnsdóttir , Inga Guðmundsdóttir

Úr spílanefnd (bridds):

Þorsteinn Friðriksson .

Úr uppstillinganefnd:

Arnheiður Kristinsdóttir .

b) Önnur mál

Sveinn Sigurbjörnsson spurði um hvort þeir sem flyttu burt af svæðinu færu sjálfkrafa úr félaginu. Formaður svaraði.

Fundarslit.

Hallgrímur Gíslason formaður þakkaði fundarstjóra góða fundarstjórn, riturum fundarins og loks fundarmönnum öllum fyrir komuna og þátttöku í fundinum.

Formaður sleit fundinum. kl. 18:23